

Murtex Siloxane

Steinsílanmálning



Efnislýsing

Murtex Siloxane er vatnsþynnanleg, almött síloxan akrýlmálning til notkunar utanhúss á steypa fleti, þússaða sem óþússaða. Efnið hefur sérstaka öndunareiginleika og hentar þ.a.l. afar vel á múrklæðningar, þ.e.a.s. þegar útveggir eru einangraðir utan frá. Við málun á þússaðri steypu er mikilvægt að flöturinn sé þéttur og vel bundinn. Í sumum tilfellum þarf að láta nýjar múrklæðningar standa í allt að eitt ár áður en málað er með Murtex Siloxane og er mikilvægt að fylgja fyrirmælum framleiðanda múrefna og viðgerðarefna um þornunartíma fyrir málun. Murtex Siloxane málningin er einnig ætluð til málunar á alla áður málaða fleti en þeir fletir sem málaðir hafa verið með snowcem eða sílíkatmálningu skal þó ætíð endurmála með sílíkatmálningu.

Meðhöndlun

Flötur skal vera vandlega hreinsaður og mikilvægt að hann sé vel bundinn og harðnaður. Ráðlegt er að grunna fyrst ómálaðan múr sem stendur áveðurs með Mur-Silan (monosilan). Berið Alpha Aquafix Opaque eða Professional Microdispers á mjög gljúpa og illa bundna fleti. Málið tvær umferðir með Murtex Siloxane.

**Sjá einnig verklýsingarblöð um málun á múrklæðningum, steinsteypu, sprungnum veggjum og vatnsbrettum á heimasíðu Sérefna.*

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningarfötuna standa opna meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella málningarleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tónum umbúðum og hreinsiefnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss
Tegund: Síloxan/sílikon akrýl
Gljástig: 3%
Öndunareiginleikar: $\mu\text{m d. H}_2\text{O}$: 0,01 m, $\mu\text{m d. CO}_2$ 0,1 m (tvær umferðir)
Þurrktími: U.þ.b. 2 klst
Yfirmálun: 8-12 klst
Hiti við málun: Lágmark +5°C, hámark +25°C
Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%
Þynning: Vatn
Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur
Þekja: 6-9 m²/l
Umbúðir: 1, 2,5 og 10 lítra fötur
Litir: Allir
Hreinsun: Sápuvatn
Geymsla: Í frostfríu rými
Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/c) 40 g/l.):
Inniheldur mest 38 g/l

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.



SÉREFNI

Dalvegi 32b, 201 Kópavogur | sími 517 0404 | serefni.is